

Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 2/1995, um hlutafélög, með síðari breytingum (upplýsinga-
ákvæði).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Jón Ögmund Þormóðsson frá við-
skiptaráðuneyti. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Samtökum verslunar og þjónustu, Við-
skiptaráði Íslands, Kauphöll Íslands hf., Fjármálaeftirlitinu, Alþýðusambandi Íslands, Félagi
löggiltra endurskoðenda, Samtökum atvinnulífsins og Seðlabanka Íslands.

Frumvarpið er byggt á ákvæðum um skyldu til upplýsingagjafar í tilskipun Evrópuþings-
ins og ráðsins 2003/58/EB frá 15. júlí 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 68/151/EBE að
því er varðar birtingarskyldu félaga af tiltekinni gerð. Nánar tiltekið er um það að ræða að
ríkið skuli kveða á um að tilteknar lágmarksupplýsingar skuli birta á vefsíðu hlutafélaga, þar
á meðal samlagshlutafélaga, og einkahlutafélaga.

Mál þetta var rætt og afgreitt samhliða 462. máli en þar eru lagðar til samsvarandi breyt-
ingar á lögum um einkahlutafélög.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „heimasíðu hlutafélaga og útibúa þeirra“ í 1. gr. komi: vef hlutafélaga og
útbúa þeirra ef til er.

Jóhanna Sigurðardóttir og Ögmundur Jónasson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. febrúar 2006.

Pétur H. Blöndal,
form., frsm.

Dagný Jónsdóttir.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Bjarni Benediktsson.

Siv Friðleifsdóttir.

Lúðvík Bergvinsson.